



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

6. júní 2018
MÍ201806-0004 / 6.06 / 1148

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skúlaskeið 4, Hafnarfirði -kvistur á austurhlið

Í tölvupósti dags. 1. júní 2018 leitar Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt, f.h. umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar eftir álti Minjastofnunar Íslands vegna Skúlaskeiðs 4 í Hafnarfirði. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir Jóns Eiríks Guðmundssonar byggingafræðings af breytingunni. Sótt er um leyfi til að setja einn stóran kvist á norðausturhlið hússins í stað tveggja minni kvista eins og áður hefur verið samþykkt.

Skúlaskeið 4 er bárujárnsklætt timburhús, kjallari og ris. Byggingarár hússins er skv. Fasteignaskrá 1928 og fellur það því ekki undir ákvæði um aldursfriðun né umsagnarskyldu í lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Eftirfarandi umsögn Minjastofnunar er leiðbeinandi álit en ekki stjórnavaldsúrskurður.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að settur verði einn stór kvistur á bakhlið hússins sem hefur ekki áhrif á ásýnd þess frá götu. Þó er lagt til að kvisturinn verði hafður mjórri en uppdrættirnir sýna, og breidd hans miðist við að bil frá útvegg inn að kvisti nemi að minnsta kosti lengd þakbrúnar út fyrir útvegg. Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna, dyra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa frá sama tíma.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:

Gunnþóra Guðmundsdóttir (gunnthora@hafnarfjordur.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.